

Með nóg
af öllu

4

Mikið breyttur að
innan

10

Bíll sem breytir leikreglunum

Það var talsvert fyrir því haft að prófa Tesla Model 3 en hjá söluaðila bílsins er langur biðlisti í reynsluakstur. Hann hefur selst vel að undanfögnu hérlandis sem erlendis og því tími til kominn að sjá um hvað öll lætin kringum þennan bíl snerust. **6**



MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100
eða pontun@olis.is og fáið nánari upplýsingar.





Porsche 911 Turbo verður með föstum væng á afturenda sínum.

Framleiðendur bregðast við lokun Genf-sýningarinnar

Um fátt er meira rætt hjá bílapressunni þessa dagana en lokun bíla-sýningarinnar í Genf og afleiðingar þess. Lokunin kom til vegna ákvarðana svissneskra stjórnvalda um að banna samkomur þar sem meira en 1.000 manns koma saman vegna kórónaveirunnar. Þeir framleiðendur sem þegar höfðu tilkynnt sig fjarverandi hrósa eflaust happi en það voru Lamborghini, Peugeot, Citroën, Opel, Jagúar og Land Rover. Opnað hefði átt sýninguna í dag og þar eins og venjulega átti að vera mikið um dýrðir og allnokkrar frumsýningar. Framleiðendur hafa þurft að bregðast hratt við fréttunum og ein leiðin er að frumsýna bílana í beinni útsendingu á netinu. Einn framleiðendanna til að gera það og standa við frumsýningardag bíls síns í leiðinni, er Porsche með nýjan 911 Turbo. Frumsýning hans mun fara fram klukkan 10.10 árdegis í dag og það er enginn annar en Formúlu 1 ökumaðurinn Mark Webber sem mun stýra samkomunni. Porsche hefur látið hafa það eftir sér að billinn muni hafa afl og aksturseginnleika sem ekki hafa sést áður og látið frá sér eina mynd í leiðinni sem sýnir afturenda bílsins með áföstum afturvæng.

Annar framleiðandi til að tilkynna um eigin frumsýningu á sama tíma og átti að frumsýna bílinn í Genf er McLaren. Það er heimsfrumsýning nýs LT-sportbils og þá líklega LT-útgáfa 720S. Sá bill mun hafa um 720 hestöfl í fjögurra lítra V8-vél með tveimur forþjöppum. Frumsýningin mun fara fram snemma í dag í höfuðstöðvum McLaren í Woking í Bretlandi.



KTM X-BOW GTX er verklegur bíll og eflaust stutt í götubil af honum.

KTM með 600 hestafla keppnisbíl

Austurríski mótórhjólaframleiðandinn er búinn að kynna næstu kynslóð X-BOW keppnisbíls síns og nú er ekki annað að sjá en að framleiðandanum sé orðin full alvara með þessum bíl. GTX-útgáfan er með 2,5 lítra, fimm strokka vél frá Audi sem er búid að tjúna í 600 hestöfl.

Þar sem billinn er með koltrefjagrind og yfirbyggingu og vegur aðeins 998 kíló er aflið meira en nóg. Billinn er þróaður í samstarfi við Reiter Engineering sem hefur verið samstarfsaðili KTM síðan 2008 þegar fyrsti X-BOX billinn kom á sjónarsviðið. Bílnum er ætlað að keppa í GT2-keppnunum á næsta ári og mun jafnvel ná að keppa í nýja SRO-flokknum í haust. Það sem er athyglisvert er að billinn fer í einhverja framleiðslu því að 20 eintök hafa verið staðfest á þessu ári. Svo að jafnvel má búast við götuútgáfu á næstu misserum.



Útlit Precept er framúrstefnulegt og billinn er stærri en hann sýnist með meira en þriggja metra hjólhafi.

Precept-framtíðarbíllinn frá Polestar

Polestar er nýtt, sænskt merki sem er í eigu Geely-bílarisans og er nokkurs konar systurmerki Volvo. Polestar ætlaði að sýna nýjan tilraunbíl í Genf sem fengið hefur nafnið Precept en þarf nú að endurskoða hvenær og hvar billinn verður fyrst sýndur.

Polestar Precept er líklegur til að fara í framleiðslu fyrir 2024 og er settur til höfuðs vinsælustu bílum Tesla, Model S og Model 3 eins og sést greinilega þegar myndir af bílnum eru skoðaðar. Fáar tölur um bílinn eru fáanlegar eins og er en hann verður alveg rafdrifinn og með mikið hjólhaf, eða 3,1 metra, sem er næstum því það sama og í GLS-jeppanum frá Mercedes. Hann verður að öllum líkindum byggður á SPA2-undirvagninum sem er nýr undirvagn frá Volvo fyrir stærri fólksbila og jeppa. Sumt í útliti hans setur þó sérstakan svip á bílinn, eins og vængur fyrir ofan framstuðarann og á að bæta loftflæði bílsins.



Innréttingin minnir að miklu leyti á Tesla Model 3 með stóra skjáinn fyrir miðju en það er þó aukaskjár í mælaborðinu fyrir framan ökumanninn.

Svipað er á döfinni að aftan með vænglaga afturenda og loftdreifara undir bílnum. Ljósinn ná enda á milli og niður með hliðunum og farangursrýmið er innfellt.

Mikið endurunnið innandyr
Innandyrar er margt sem minnir á Model 3 eins og einföld innréttingin með láréttum, 15 tommu upplýsingaskjá fyrir miðju. Það er

» Polestar er systurmerki Volvo og stefnir á að ná langt á markaði rafbíla í framtíðinni.

Þó einnig 12,5 tommu skjár fyrir aftan stýrið. Auk þess eru skjáir fyrir baksýnisspegla því að það er enginn afturgluggi í Precept. Ástæðan er afturhurðirnar sem þurfa stærri hjarir. Það er nefnilega enginn B-bití í Precept þar sem afturhurðar opnast fram á við, sem ásamt miklu hjólhafi ætti að þýða mjög gott aðgengi fyrir farþega bílsins. Margt í bílnum er endurunnið, eins og framsæti sem búin eru til úr endurunnum plastflöskum, gólfteppi úr endurunnum fisknetum og arm- og höfuðpúðar úr endurunnum korki. Polestar hefur sagt að billinn verði með næsta skref í ökumannsaðstoð sem bendir til þess að hann sé að miklu leyti sjálfkeyrandi.

Volkswagen semur í Þýskalandi

Volkswagen í Þýskalandi hefur samþykkt að greiða 115 milljarða króna til eigenda bíla sem lentu í dísilsvindli VW. Neytendasmötökin í Þýskalandi höfðuðu málsókn fyrir hönd bileigenda en sátt náðist í málinu áður en það fór fyrir rétt. Gert er ráð fyrir að um 260.000 bileigendur skipti með sér endurgreiðslunni sem gerir tæplega hálfa milljón króna á hvern bíl að meðaltali, en endurgreiðsla fer eftir árgærd og tegund bílsins. Þegar hefur Volkswagen samið í slíkum málum í Ástralíu og Bandaríkjunum, en ekki í Bretlandi þar sem mál var höfðað seint á síðasta ári.

Þessi málaferli virðast þó ekki hafa mikil áhrif á hagnað Volkswagen Group því að samkvæmt Reuters-frétt á laugardaginn jókst



Starfsmaður VW í Zwickau limir VW merkið á ID.3 rafbílinn. MYND/GETTY

» Dísilsamningar virðast ekki hafa mikil áhrif á hagnað VW Group sem var 2.350 milljarðar í fyrra.

hagnaður samsteypunnar um 22% á síðasta ári. Heildarhagnaður var 2.350 milljarðar íslenskra króna sem mest má þakka aukinni sölu í jepplingaflokkki. Vegna þessa lagði VW Group það til að arðgreiðslur hluthafa myndu hækka um 35% eða í 6,50 evrur á hvern hlut. Volkswagen áætlað að hagnaðurinn muni halda áfram að aukast á þessu ári, eða um það bil 7% sem er aðeins minna en í fyrra. Er það áhrif kórónavírusins sem eru að verki þar.



Nýr Mercedes-Benz GLC.

Drægi allt að 50 km á hreinu rafmagni.

GLC er nú enn glæsilegri að utan sem innan og fæst nú sem tengiltvinn með bensínvél og rafmótor sem saman skila 320 hestöflum. Hann er búinn hinu einstaka 4MATIC fjórhjóladrifi sem alltaf er í fullri virkni hvort sem ekið er á rafmagni eða eldsneyti. Einnig býr hann yfir raddstýrða MBUX margmiðlunarkerfi sem gerir aksturinn enn þægilegri.

Komdu og kynntu þér nýja GLC. Við hlökkum til að sjá þig.

GLC 300 e 4MATIC **EQ** POWER

Verð 7.990.000 kr.

Mercedes-Benz
The best or nothing.



KOSTIR OG GALLAR	Grunnverð: 15.590.000 kr. Rúmtak: 2.925 rsm Hestöfl: 286 Tog: 600 newtonmetrar Hámarkshraði: 222 km Hröðun 0-100 km: 7 sek.	CO2: 201 g/km Eyðsla bl./ak.: 7,6 l/100 km L/B/H: 5.207/1.956/1.850 mm Hjólhaf: 3.135 mm Farangursrými: 680 lítrar	KOSTIR ■ Verð ■ Rými ■ Búnaður	GALLAR ■ Vindhljóð frá glerpaki



Mercedes-Benz GLS er hinn besti ferðabíll enda plássíð yfirdrifið og þægindin í fyrirrúmi. MYNDIR/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Með nóg af öllu í sjö manna lúxusútgáfu

Reynsluakstur
Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Samkeppni á markaði stórra lúxusjeppa hefur farið vaxandi víða en nýlega setti Mercedes-Benz nýjan GLS á markað.

Hérlandis á hann fáa keppinauta nema kannski BMW X7 og Range Rover en í Bandaríkjunum eru þeir fleiri, eins og nýr Lincoln Navigator og Cadillac Escalade sem leiðir söluna þar. Kannski ekki skrytið að þessi bíll sé framleiddur í Alabama í Bandaríkjunum þegar horft er til þessa, og þar hafa líka flestir selst af þeirri hálfu milljón sem komið hafa á götuna síðan 2006. Hérlandis er þó alltaf einhver markaður fyrir jeppa af þessari stærðargráðu, og þegar bílaprófari Fréttablaðsins þurfti á sjö manna bíl að halda eina helgi var það kærkomið tækifæri til að prófa bílinn.

Margar leiðir að sama markmiði

Þótt ekki þurfi að fara mörgum orðum um M-BUX kerfið og tækni-lega fullkomnun þess er samt ekki laust við að notandanum finnist eins og hann þyrfti á námskeiði að halda til að byrja með, svo margir eru möguleikar kerfisins og leiðirnar að þeim. Nota má raddstýringu, snertivæna stjórnhnappa úr stýri, fingraborð í miðjustokki eða hefðbundna hnappa í sumum tilvikum. Þeir sem eru alltaf með bílinn sinn á þvottastöðvum munu elska akstursstillingu sem heitir þvottastöðvarstillingin. Þá hækkar bíllinn fjöðrunina, fellir hliðar-speglauna inn, slekkur á nálægðar-skynjurum og sjálfvirku rúðu-



Sex strokka V6-disilvélin í 350-útgáfunni er sú aflminnsta í boði en dugar þessum þunga bíl samt vel.

þurrkunum, og athugar hvort allar rúður og toppluga séu lokað. Vert er að minnast á það að glerpakið er það stærsta sem er í boði á framleiðslubíl í dag.

Nóg pláss fyrir sjö fullorðna
Fótapláss í nýjum GLS er átta sentimetrum meira en áður og það finnst vel að plássíð er gott þótt hér sé á ferðinni bíll með þrjár sætaræðir. Þeir sem sitja aftur í kunna að meta þann möguleika að geta stillt sjálfir sætin með rafmagni líkt og farþegar í framsætum gera. Það er yfirdrifið af öllu í GLS



Tvöfaldir skjár MBUX-kerfisins eru allsráðandi í mælaborði bílsins og 64 líta LED-lýsing er staðalbúnaður.



Þó að aftasta sætaröðin sé uppi eru 680 lítrar fyrir farangur. Einfalt er að fella niður sæti með rafbúnaði.

fram áður en öftustu sætin eru felld niður svo að notandinn þarf ekki að hlaupa á milli hurða til að sjá um það handvirkt. Auk þess er jafn einfalt að komast í öftustu sætaröðina frá afturhurðunum því að með einum takka sér rafmagnið um að færa sætið fram, og færir þá líka framsætið ef það er í veginum. Plássíð í öftustu sætaröðinni getur dugað fullorðnum ágætlega sem kemur þægilega á óvart, og það fór ágætlega um undirritadan sem er 183 cm á hæð. Höfuðrými er meira segja viðunandi og það eina sem er óþægilegt er að koma fyrir

höfuðpúðunum sem eru í neðstu stillingu þegar sest er inn, til að hefta ekki útsýni.

Minnsta vélin dugar vel
En hvernig er þá að keyra þennan tveggja og hálf tonsna bíl? Nýr GLS kemur á nýjum undirvagni og eru allar útgáfur með loftpúða-fjöðrun. Þrátt fyrir mikla þyngd leggst billinn vel í beygjur og virkar rásfastur. Enn skemmtilegra hefði verið að prófa bílinn með Active Body Control kerfinu sem les veginn fram undan og stillir fjöðrun og fleira samkvæmt því. Stærðin virðist ekki há honum sérstaklega í akstri en bíllinn er 5,2 metrar að lengd og tveir metrar á breidd. Billinn er mjög hljóðlátur og meira að segja vélin lætur ekki heyra mikið í sér. Það eina sem maður tekur eftir í hljóði er smá vindhljóð frá glerpakinu. Við prófuðum bílinn í 350d-útfærslunni sem skilar 286 hestöflum og þau virðast duga bílnum vel. Það er samt aflminnsta vélin sem í boði er.

Á góðu verði
Eins og áður sagði er billinn í samkeppni við BMW X7 og Range Rover hérlandis fyrst og fremst. BWM X7 kostar frá 17.390.000 kr. sem er nákvæmlega sama grunnverð og í stórum Range Rover. Grunnverð GLS er hins vegar 15.590.000 kr. sem er talsvert lægra og í raun og veru ertu kominn í svipað verð og samkeppni þegar Power-útfærslan er valin. Fyrir 17.690.000 kr. er bíllinn kominn með Burmester-hljómkerfi ásamt Exclusive-leðurinnréttingu og akstursaðstoðarpakka á næstum sama verði. Það kann að hljóma kjánalega að bíll sem kostar rúmar 15 milljónir sé á góðu verði en það er nú samt raunin.

ŠKODA á afmæli!

Skoda fagnar 125 árum árið 2020 og því ber að fagna. Við kynnum afmælistilboð af okkar sívinsælu fjölskyldubílum og allir sem kaupa Skoda á árinu eiga kost á að vinna **ferð fyrir tvo til Prag!**



ŠKODA

Veldu þinn á
hekla.is/skodasalur



Vilt þú
vinna ferð
til Prag?

Superb Limo Ambition 2.0 TDI

Afmælisverð 4.390.000 kr.
Verðlistaverð 4.990.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.

Octavia Combi G-Tec 1.5 TGI

Afmælisverð 3.690.000 kr.
Verðlistaverð 3.990.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.

Kodiaq Ambition 2.0 TDI

Afmælisverð 5.690.000 kr.
Verðlistaverð 6.290.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.

Karoq Ambition 1.5 TSI

Afmælisverð 3.990.000 kr.
Verðlistaverð 4.790.000 kr.
Afsláttur 800.000 kr.

125

ÁRA AFMÆLI
ŠKODA



HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílajarninn Reykjanesbæ · BVA Egilstöðum

www.skoda.is

KOSTIR OG GALLAR

Tesla Model 3
Long Range AWD

Grunnverð: 5.122.735 kr
Drægi WLTP: 560 km
Rafhlaða: 75 kWh
Hestöfl: 450
Tog: 639 newtonmetrar
Upptak 0-100 km: 4,6 sek

Hámarkshraði: 261 km
L/B/H: 4.690/1.850/1.440 mm
Hjólhaf: 2.880 mm
Farangursrými: 425 lítrar
Eigin þyngd: 1.847 kg

KOSTIR

■ Drægi

■ Aksturseginnleikar

■ Upplýsingaskjár

GALLAR

■ Hurðarhandföng

■ Engin næmni á sjálfvirkum rúðupurrkum

Tesla Model 3 – bíllinn sem breytir leikreglunum

Reynsluakstur

Njáll Gunnlaugsson

njall@frettabladid.is

Tesla Model 3 hefur mikið verið til umfjöllunar í bilapressunni að undanfögnu og langmest af hinu góða.

Bíllinn hefur verið valinn Bill ársins 2020 hjá Parkers og Auto Express tímaritunum, Bill ársins 2020 í Sviss og Danmörku, Gullna stýrið 2019, Besti rafbíllinn hjá Edmunds og What Car? og svo má lengi telja. Söluölur segja sömu sögu því að Tesla Model 3 var í þriðja sæti yfir mest seldu bíla í Evrópu í desember og mest seldi bíllinn í Noregi og Hollandi. Þegar þetta er skrifað er Tesla Model 3 í löngum röðum niðri á hafnarbakka Sundahafnar og eins víst að bíllinn verði með þeim best seldu á Íslandi þetta árið. Við gátum ekki látið hjá líða að prófa þennan bíl og eftir talsverða eftirgangsmuni við söluaðilann á Íslandi í vetur vorum við komnir með eitt stykki Long Range með fjórhjóladrifi í hendurnar fyrri hluta febrúarmánaðar.

Frosið hurðarhandfang
Það fyrsta sem maður reyndi á bílnum var reyndar það sem maður kunni síst við, en það voru hurðarhandföngin. Þau falla inn í hurðina að utanverðu en eru ekki með rafbúnaði líkt og í Model S. Þess í stað þarf að ýta með þumli og fá arminn út og toga svo í hann. Þetta þýðir að beita þarf hendinni meira til að opna hurðina en með hefðbundnum hætti. Auk þess náðu handföngin að frjóska föst í átta gráðu gaddi einn prófunar-daginn. Þegar inn er komið tekur afskaplega smekklegr innrétting við manni og greinilegt að hönn-unin er komin einu skrefi lengra en í Model S. Sætin frammí eru í minni kantinum og mætti seta þeirra vera aðeins lengri þegar haft er í huga pláss annars staðar í bílnum. Það er ekkert fyrir framan mann annað en stýrið og í því eru tveir rofar sem nota má á ýmsa vegu, meðal annars til að stilla aðdrátt og hæð.

Frábær upplýsingaskjár
Fyrir miðju er risastór upplýsinga-skjár sem er láréttur. Á honum má gera nánast allt sem hefur með stillingar að gera auk þess að nota



Það voru fjölbreyttar aðstæður um prófunarhelgina og meðal annars þúðursnjór sem fjórhjóladrifinn bíllinn réði léttilega við. MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Hurðarhandföng eru innfelld líkt og í Tesla Model S en ekki rafdrifin. Lenti greinarhöfundur einu sinni í því að þau frusu föst í átta gráðu gaddi.



Meðan beðið var eftir því að Supercharger-stöðin „dældi“ rafmagni á bíllinn var brugðið á bílaleik í afþreyingarkerfi bilsins og stýrið var þá stjórnþækið.



Með framsæti í kjörstöðu er ennþá pláss fyrir fullorðinn í aftursæti.

afþreyingarkerfi bilsins. Fyrir einhvern sem unnið hefur við snertiskjállausnir er aðdáunarvert hversu vel hönnuðum Tesla tekst upp með skjáinn því að aðeins eru 2-3 snertingar að hverri aðgerð. Eitthvað sem aðrir framleiðendur mættu taka sér til fyrirmyndar. Það eina sem hefði mátt gera betur er stillingin á sjálfvirkum rúðupurrkunum en ekki er hægt að stilla næmnina á þeim. Þótt bíllinn væri ekki með fullvirkum Autopilot var samt ansi mikið hægt að gera eins og að stilla kerfið þannig að bíllinn tók sjálfur af stað aftur. Á skjánum sjást líka myndir af umferðinni í kring og þar sem



MICKEY THOMPSON

M/T

TIRES & WHEELS

The BOSS is here!

BAJA BOSS - nýtt grófmynstrað jeppadekk frá Mickey Thompson

Til að byrja með fáanlegt í:

37X12.50R17

40X13.50R17

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

útsýni aftur er takmarkað líkt og í mörgum öðrum bílum var þægi-legt að nota skjáinn til að fylgjast með blindu svæðunum.

Sportlegur í akstri

En hvað með aksturinn sjálfan? Þótt hér sé um fjölskyldubíl að ræða er margt sem bendir til þess að verið sé að horfa til sportlegra eiginleika. Fyrir það fyrsta er hægt að snúa stýrinu tvo hringi en flestir bílar hafa hringina nær þremur. Fyrir vikið er hann kvikur og skemmtilegur í stýri sem fer öðrum eiginleikum bílsins vel. Varla þarf að taka fram að bíllinn er kraftmikill, líka í Long Range útgáfunni, en þannig er hann 4,6 sekúndur í hundraðið. Þeir sem velja Performance-útgáfuna mega búast við svipuðu upptaki og í Porsche 911. Bíllinn svarar því einstaklega vel og það er aðdunarvert að finna hversu vel hann ræður við hálfu. Fyrsta prófundaginn var engin hálka og þá naut maður þess að finna hversu vel bíllinn réð við beygjurnar enda þyngdarpunkturinn mjög neðarlega.

Erfiður samanburður

Greinilegt er að það er kominn titringur í samkeppnisaðila með tilkomu Tesla Model 3 á íslenskan markað. Bílabúð Benna býður 600.000 kr. lækkun á Opel Ampera sem nú er boðinn frá 4.590.000 kr. Það verður erfitt að bera hann saman í verði við aðra rafbíl sem nú eru í boði hérlandis því að enginn þeirra er beinn samkeppnisaðili eins og er. Það er frekar að maður reyni að bera saman bíla sem eru í svipaðri stærð og þá skoða út frá drægi



Fjór hjóladrifsbíllinn er 5,4 sekúndur í hundraðið og fullkomin spólvörnin gerir upptakið í snjónum gott líka.



Farangursrými eru alls 425 lítrar með 340 lítra í skottinu og eru 85 lítrar frammi í bílnum undir húddinu.



Það er einfalt og þægilegt að nota skjáinn til að stýra öllu og duga 2-3 snertingar fyrir hverja aðgerð.

þeirra. Opel Ampera er með um það bil 520 km og Kia e-Niro er með 455 km drægi, en hann kostar frá 5.490.777 kr. með stærri rafhlöðunni. Talsvert styttra drægi er í Hyundai Ionic eða 311 km en hann kostar frá 4.790.000 kr. Næsti samkeppnisaðili sem væntanlegur er á markað er VW ID.3 sem kemur með sumrinu. Verð á Tesla Model 3 byrjar í 5.122.735 með virðisauka-skatti en prófunarbíllinn sem var Long Range útgáfa kostar frá 6.152.191 kr. Einnig er hægt að fá bílinn í Performance-útgáfu sem kostar 7.144.191 kr.

Samkeppnin að herða sig

Í starfi undirritaðs sem bíla-bláðamanns til margra ára hefur maður prófað marga rafmagnsbíla á undanförunum árum. Það er því ekki laust við að maður hafi hugsað hvort ekki sé kominn tími á slíkan bíl, en alltaf fundið eitthvað til að afsaka það að stíga skrefið til fulls. Hann er of dýr, hann er of flókinn, eða drægið er of lítið, eða hann hentar ekki þar sem hann getur ekki dregið og svo koll af kolli. Þegar búið er að reynsluaka Tesla Model 3 eina helgi verður manni loksins ljóst að það er engin afsökun til lengur. Hver getur verið á móti slíkum bíl sem hefur jafnmikið drægi og bíll með fullan bensíntank og sama upptak og Porsche 911? Þessi bíll er einfaldlega bíllinn sem breytir leikreglunum og hætt er við að aðrir framleiðendur sjái sig knúna til að fylgja í kjölfarið. Það verður því gaman að fylgjast með framvindunni á næstu misserum og sjá hvað samkeppnisaðilarnir munu bjóða upp á, því eitt er víst að þeir munu þurfa að herða sig.

Gott úrval

af nýlegum notuðum bílum

Alt að 100% fjármögnun



Bílalíf

Bílasala

www.bilalif.is



Raðnúmer: 460790

TOYOTA LAND CRUISER 150 (7 sæta)
Nýskráning: 6/2018, akstur 62.000 km.
Dísil, sjálfskipting, verð: 8.490.000



Raðnúmer: 460775

MITSUBISHI PAJERO INSTYLE (7 sæta)
Nýskráning: 5/2015, akstur 119.000 km.
Dísil, sjálfskipting, verð: 3.990.000



Raðnúmer: 242062

NISSAN X-TRAIL ACENTA
Nýskráning: 9/2016, akstur 49.000 km.
Dísil, beinskipting, verð: 3.690.000



Raðnúmer: 460851

KIA SORENTO EX (7 sæta)
Nýskráning: 6/2016, akstur 129.000 km.
Dísil, sjálfskipting, verð: 4.190.000



Raðnúmer: 241721

MERCEDES-BENZ A 200 D AMG
Nýskráning: 6/2018, akstur 5.000 km.
Dísil, sjálfskipting, verð: 4.490.000



Raðnúmer: 441589

BMW I3
Nýskráning: 2/2017, akstur 29.000 km.
Rafmagn, sjálfskipting, verð: 3.690.000



Raðnúmer: 248980

PORSCHE CAYENNE TURBO S (522hð)
Nýskráning: 6/2006, akstur 151.000 km.
Bensín, sjálfskipting, verð: 2.980.000



Raðnúmer: 242164

SUZUKI SX4 S-CROSS LIMITED
Nýskráning: 9/2016, akstur 22.000 km.
Bensín, sjálfskipting, verð: 2.690.000



Raðnúmer: 441552

KIA SORENTO EX
Nýskráning: 5/2014, akstur 102.000 km.
Dísil, sjálfskipting, verð: 3.390.000



Raðnúmer: 460847

SKODA CITIGO
Nýskráning: 8/2013, akstur 49.000 km.
Bensín, beinskipting, verð: 590.000



Raðnúmer: 230073

SKODA OCTAVIA COMBI 4X4
Nýskráning: 5/2014, akstur 89.000 km.
Dísil, beinskipting, verð: 1.850.000



Tveggja dyra Impala 1959 þykir bera vitni um hönnunargleði bandarískra bílasmiða upp úr miðri tuttugustu öldinni með yfirdrífnum línunum sínum.

Síðasta Impalan rúllar af færibandinu

Í síðustu viku rúllaði síðasti Chevrolet Impala bíllinn af færibandi verksmiðju General Motors í Hamtramck í Michican-riki. Breyta á verksmiðjunni fyrir samsetningu rafbíla og því þótti bílablaðamanni Fréttablaðsins við hæfi að minnst bilsins með fáeinum orðum. Impala-nafnið kom til árið 1959 þegar það klauf sig frá Bel Air með tveggja dyra kagga. Fyrsta Impalan þótti mjög róttæk í hönnun með langri yfirbyggingu, vængjum sem minntu á Batman-bílinn og kattaraugum

í afturljósum. Framendinn var hefðbundnari með sveigðum loftinntökum og bíllinn var fljótt boðinn sem fjögurra dyra hard-top og sedan. Vélbúnaðurinn var heldur ekki af verri endanum og var átta strokka billinn með 348 kúbiktommu vél sem skilaði 320 hestöflum gegnum Six-pack blöndung og Turboglide-skiptingu. Bíllinn varð fljótt vinsæll og er það í sjálfu sér enn og fer tveggja dyra bíll frá 1959 í góðu ástandi varla undir 100.000 dollurum í dag.



XTREME



Amelia Earhart situr hér fyrir á afturhjóladrífnu Auto Glide-hlaupahjólinu árið 1935. MYND/GETTY



Lafði Florence Norman var kvenréttindabaráttukona í London á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar og átti Autoped-hjólið, en það var gjöf frá manni hennar, blaðamanninum Sir Henry Norman.

Fyrstu vélknúnu hlaupahjólin

Mótordrífín hlaupahjól hafa verið til í meira en öld þótt rafknúnar útgáfur þeirra seljist nú sem aldrei fyrr.

Rafdrífín hlaupahjól eru nýjasta æðið í smellnum farartækjum og Reykjavík er að verða eins og hver önnur stórborg að því leyti að þau má nú sjá á hverju götuhorni. Mótordrífín hlaupahjól eru þó alls ekki ný af nálinni og hafa verið til í meira en öld.

Fyrsta smíðað 1915

Fyrsta Autoped-hlaupahjólið var smíðað árið 1915 og var í raun og veru eina mótörhjólið sem smíðað var í New York. Vélin var loftkæld fjörgengisvél, 155 rsm og var tengd við framhjól með kúplingu. Til að kúpla var stýrisstönginni einfaldlega ýtt aftur og virkaði þá einnig bremsan á framhjól. Til að halda áfram var stýrisstönginni ýtt fram, en inngjöfin var vinstra megin og þjoppuléttr hægra

» Auto Glide hlaupahjólið var ódýrt að kaupa og reka en var að lokum bannað af samgönguyfirvöldum í Bandaríkjunum.

megin. Hjólið var vinsælt í nokkur ár og keypti bandaríska pósthjónustan það til sinna nota. Einnig eru til sögur um að glæpagengi í New York hafi notað það, þar sem auðvelt var að sleppa undan lögreglunni á þeim niður þröng húsasund. Framleiðslu þeirra var hætt árið 1921 í Bandaríkjunum á samdráttarárunum eftir stríð en framleiðslurétturinn var keyptur af Krupp í Þýskalandi sem smíðaði þau frá 1919-1922 með stærri 191

rsm vél. Hámarkshraði Krupp-hjólsins var 35 km á klst. en það skilaði 1,7 hestöflum.

Cushman komu fyrir stríð

Cushman tók svo upp þráðinn með þessi vélknúnu hlaupahjól á árunum eftir kreppuna miklu. Þeir áttu mikið af litlum Husky-vélum frá kreppuárunum og bjuggu til mótordrífín hlaupahjól, að þessu sinni með vélina fyrir afturhjólið. Árið 1936 kom Cushman Auto-Glide á markað og fékk strax góða dóma, meðal annars hjá tímaritinu Cycle World. Það þótti bæði ódýrt að kaupa og reka og eins og sagði í sölubæklingi um Auto Glide var það „óþýrara en að ganga“. Cushman smíðaði svo aðeins stærri hjól með sæti meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð, en þau voru ætluð fallhlífarhermönnum og var kastað úr flugvélum í sérstökum hylkjum. Auto Glide var að lokum bannað af samgönguyfirvöldum í Bandaríkjunum.

Þetta flytur sig ekki sjálft!

(Atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)

SIXT
langtímaleiga



Verð frá:
63.900 kr. á mán án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.
Pantaðu bílinn á sixtlangtímaleiga.is.

Innifalið í langtímaleigu:

- ✓ Tryggingar og gjöld
- ✓ Dekk og dekkjaskipti
- ✓ Þjónustuskoðanir
- ✓ Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn

Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.



VIÐ ÞEKKJUM VARAHLUTI OG ÞEIR ÞEKKJA OKKUR

Hágæða varahlutir



Bremsuhlutir



Gæðaoilur



Varta rafgeymar



Mikið
úrval

Brenderup kerrur



7 verslanir um land allt

Sími 535 9000



STÖRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

KOSTIR OG GALLAR Renault Clio 1,0	Grunnverð: 2.690.000 kr. Rúmtak: 999 rsm Hestöfl: 100 Tog: 160 newtonmetrar Upptak 0-100 km: 11,8 sek. Hámarkshraði: 187 km	L/B/H: 4.047/1.945/1.440 mm Hjólhaf: 2.583 mm Farangursrými: 300 lítrar Eigin þyngd: 1.178 kg CO₂: 99 g/km Eyðsla bl./ak.: 5,2 l/100 km	KOSTIR Búnaður Framsæti	GALLAR Fimm gíra kassi Opnun á farangursrými
--	---	--	--	---



Þótt breytingin sé ekki mikil að utanverðu má þó sjá að ný hönnun er á ljósum en billinn kemur á nýjum undirvagni. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mikið breyttur innan frá með nýjum undirvagni

Reynsluakstur
Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Renault Clio hefur verið við lýði í 30 ár og nú er kominn nýr Clio eina ferðina enn.

Við fyrstu sýn virðist hann ekki mikið breyttur og er það kannski ekki skrítið. Renault Clio er mest seldi billinn í Evrópu í sínum flokki og því er eðlilegt að framleiðandinn vilji ekki breyta miklu þegar hann hefur pálmann í höndunum. Samt er billinn mikið breyttur ef grannt er skoðað því að hann kemur á nýjum undirvagni. Með því að nota CMF-B undirvagninn á að nást meira innanrými og minni þyngd.

Mun betri innrétting

Það má þó öllum vera ljóst að innanrými bilsins er mikið breytt. Kominn er stór upplýsingaskjár fyrir miðju sem við þekkjum úr stærri Renault-bílnum og reyndar Zoe líka. Skjárinn er 9,3 tommur og er lóðréttur í miðjustokknum. Auk þess er kominn nýr skjár í sjálft mælaborðið. Það er vert að minnst á hvernig öllu er haganlega vel komið fyrir í bíl í þessum stærðarflokki. Búið er að flytja gírstöngina aðeins upp á við í þægilegri stöðu nálægt stýrinu. Framsætin eru stærri og þægilegri og manni líður ekki eins og verið sé að keyra bíl í B-stærðarflokki, hvort sem horft er til pláss eða búnaðar. Má þar meðal annars nefna stillanlega díóðulýsingu og upphitað stýri. Aftur í er plássið meira með meira hjólhafi þótt billinn sé reyndar 12



Með þriggja strokka, eins lítra vélinni er billinn nokkuð sprækur en aðeins búinn fimm gíra beinskiptingu. Sex gíra kassinn kemur með dísilvélinni.



Innanrými er vel hannað og það munar um stóran upplýsingaskjá í miðjustokki og stærri og þægilegri sæti. Gírstöngin er líka á þægilegri stað.



Pláss í aftursætum er viðunandi fyrir bíl í þessum stærðarflokki enda munar um lengra hjólhaf. Höfuðrými hefði þótt mátt vera betra.

mm styttri. Fótaplássið er þó takmarkað eins og búast má við í bíl í þessum flokki. Farangursrými er þokkalegt með sína 300 lítra en há sýlla gerir það ekki eins aðgengilegt og afturhlerinn hefði gjarnan mátt vera síðari.

Skemmtileg bensínvél

Nokkrar vélar eru í boði og brátt verður billinn einnig faanlegur með tvínnbúnaði. Við reyndum hann bæði með 1,5 lítra dísilvélinni og eins lítra, þriggja strokka bensínvél með forþjöppu. Með eins lítra vélinni er hann aðeins boðinn með fimm gíra beinskiptingu en dísilbillinn með sex gíra beinskiptingu. Það er mikill munur á þessum skiptingum og satt best að segja er bensínvélin nægilega aflmikil fyrir sex gíra og væri gaman að sjá þá skiptingu við þá vél. Annars er þriggja strokka vél með sín hundrað hestöfl vel spræk

og gefur gott upptak þegar hún er komin á snúning. Fyrir þá sem vilja reyna minna á vélina er 1,5 lítra dísilvélin góður kostur, 113 hestöfl og það sem er meira um vert 260 newtonmetrar.

Vel búinn miðað við verð

Nýr Clio hækkar örlítið með nýrri kynslóð, úr 2.550.000 kr. í 2.690.000 kr. fyrir bensínbílinn. Kominn er meiri búnaður með snertiskjá og díóðuljósum í staðalbúnaði auk lyklalauss aðgengis. Stóri skjárinn kemur í Intens-útgáfunni sem er vel búin með 360 gráðu myndavélakerfi, fjarlægðarskynjurum, hita í stýri og díóðu-aðalljósum. Keppinautar Renault Clio eru allnokkrir. Má þar helst hérlandis nefna Toyota Yaris, Ford Fiesta, VW Polo og Peugeot 208. Grunnverð hins vinsæla Yaris er 2.660.000 kr., Ford Fiesta 2.850.000 kr., VW Polo 2.490.000 kr. og Peugeot 208 frá 2.490.000 kr.

Opel Ampera-e

VERÐLÆKKUN Á 100% RAFBÍL!

Takmarkað magn frá **4.590.000 kr.**
Afsláttur allt að **600.000 kr.**



Ampera-e Premium
Lúxus útgáfa

Verð áður: 5.590.000 kr.

Verð núna: **4.990.000 kr.**

Verðlækkun: **600.000 kr**


Sjá ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opel styður við íslenska rafbílavæðingu!

Opel og Bílabúð Benna eru í góðu samstarfi sem nú hefur leitt
til veglegrar verðlækkunar á fjölskyldubílum Ampera-e.

Kynntu þér kjörin á einum magnaðasta rafbíl götunnar!

Opel Ampera-e er til afgreiðslu strax.
Tilboðið gildi út mars.



OPEL GOES ELECTRIC

60 kWh battery | 360 Nm | 200 hestöfl | 423 km. drægni samkv. WLTP

BENNI.IS

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð
Benna

Hætt við nokkrar mótorsportkeppnir vegna útbreiðslu kórónaveirunnar

Tilkynnt hefur verið að hætt verði við fyrstu tvær keppnirnar í MotoGP vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Fyrstu keppninni sem fara átti fram í Katar um næstu helgi var aflýst vegna þess að sex keppendur eru Ítalir og mörg lið í MotoGP eru með starfsstöðvar á Ítalíu. Búið er að setja reglur um fjórtán daga sóttkví fyrir alla sem koma frá Ítalíu og því sjálfhætt við MotoGP-keppnina. Keppni í Moto2 og Moto3 mun þó fara fram þar sem lið þeirra voru annars staðar við æfingar. Önnur keppnin

átti að fara fram 22. mars í Tailandi en hætt hefur verið við alla keppnina vegna kórónavírussins. Eins og fram hefur komið í fréttum fyrir nokkru hefur verið hætt við Formúlu 1 keppnina í Kína vegna vírussins en áhyggjur eru uppi um að hætta þurfi við keppnir í Ástralíu, Barein og Víetnam. Höfuðstöðvar Ferrari í Maranello eru aðeins 140 kílómetrum frá Codogno þar sem veirunnar varð fyrst vart á Ítalíu svo að keppnis-tímabilið fram undan er í mikilli óvissu.



MotoGP keppnin í Qatar er alltaf mikið sjónar-spil á upplýstri brautinni að nóttu til.



Hjólinu svipar meira til samkeppni frá Ameríku og er líklega með það markaðssvæði í huga.

Er BMW að koma með R18-ferðahjól?

Á dögunum birtust á heimasíðu Motor1 Brasil myndir sem sýna einkaleyfisumsókn BMW á útliti nýs mótorspjóls. Hjólið er greinilega byggt á R18-hjólinu sem frumsýnt var á EICMA-sýningunni í fyrra. Ekki er að sjá annað en að hjólið sé svokölluð „Touring“ útfærsla af því hjóli, með stórrí vindhlíf, álfelgum, stærri bensintanki, efnismeira sæti ásamt hliðartöskum. Eitt er víst að togmikill 1.800 rsm mótörinn myndi henta slíku farartæki mjög vel. Engar upplýsingar eru þó komnar frá BMW enn um hvort þetta hjól sé á leiðinni eða ekki en það myndi vera eðlilegt framhald á R18-línunni.



Meðal sýningargripa er elsta mótorspjólið Michaux-Perraux frá 1868.

Listasýning á mótorspjólum í Ástralíu

Þann 20. nóvember næstkomandi verður opnuð sýning í nútímalistasafninu í Brisbane í Ástralíu. Það sem verður til sýnis þar eru merkustu og fallegustu mótorspjól heimssögunnar á sýningu sem kallast einfaldlega Mótorspjólið: hönnunin, listin, löngunin. Meira en hundrað ómetanleg mótorspjól frá tíma fyrstu mótorspjólanna til dagsins í dag verða til sýnis. Sömu aðilar og stóðu á bak við sýninguna „Mótorspjólið sem listform“ hjá Guggenheim-safninu árið 1998 eru á bak við þessa sýningu. Meðal sýningargripa verða hjól eins og Britten V1000 1991, Vincent Black Lightning 1951 sem setti hraðamet í Ástralíu og Michaux-Perraux gufumótorspjólið frá 1868 sem er titlað elsta mótorspjól veraldarinnar. Sýningin mun standa til 26. apríl 2021 svo að það ætti að gefa einhverjum tíma til að undirbúa sig.



Fyrsti þáttur – 9. mars kl. 21:30 á Hringbraut



Hraðskreiður, kraftmikill og alíslenskur bílapáttur í anda Top Gear.



Heimsækjum okkar mesta bílaáhugafólk og rýnum í bílaflota þess.

Skoðum nýjustu bílana á markaðnum, prufukeyrum og berum þá saman.



Umsjónarmaður: Finnur Orri Thorlacius

Kynnum okkur bílasportmenninguna á Íslandi og ræðum við keppendur í hinum ýmsu keppnisgreinum.



Heimsækjum stærstu bílasýningar heims og skygnumst inn í hinn síbreytilega bílaheim og það sem framtíðin ber í skauti sér.

